

# **Stjórnarfundur í Geðhjálp 05.04.18**

**Mættir:** Halldóra Pálsdóttir, Þórður Ingbórsson, Bergþór Böðvarsson, Sylviane Pétursson-Lecoultre, Einar Þór Jónsson, Kári Auðar Svansson, Áslaug Inga Kristinsdóttir, Sveinn Rúnar Hauksson, Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, Garðar Sölvi Helgason, Einar Björnsson.

Á seinnihluta fundarins voru Védís, Einar Þór, Sveinn Rúnar og Maggý forfölluð.

**1. Yfirferð fundargerðar, undirskriftir (HP).**

Fundargerðir síðasta almenna stjórnarfundar og aðalfundar samþykktar án athugasemda.

**2. Stjórnarmenn kynna sig og skipta með sér verkum (HJ, AGÓ).**

Eftir að stjórnarmenn höfðu kynnt sig skiptu þeir með sér verkum. Sveinn Rúnar Hauksson var kosinn varaformaður, Maggý Hrönn Hermannsdóttir var kosin ritari, Þórður Ingbórsson var kosinn gjaldkeri.

**3. Herferð um afleiðingar erfiðra aðstæðna í æsku og áfalla (HJ).**

Hrannar velti upp hugmynd að vitundarvakningu um áhrif áfalla og erfiðra uppeldisskilyrða á andlega og líkamlega heilsu. Frekari umræðu var frestað.

**4. Fundur með Hugaraflí (HJ, EB, AGÓ).**

Fjallað var um fundarboð og innihald fundar HJ, EB og AGÓ í Hugaraflí þann 28. mars. Í framhaldi af því var ákveðið að óska eftir upplýsingum frá heilsugæslunni um hvernig yfirfærslu þjónustu frá Geðheilsu-Eftirfylgd til nýs geðheilsuteymis fyrir Vesturborgina yrði háttað í haust.

**Fundi var frestað um viku eða fram til 12. apríl klukkan 17.00.**

**5. Námskeið fyrir heilbrigðis- og velferðarstarfsmenn út frá námsefni WHO (HJ, AGÓ).**

Námskeiðið verður haldið í samvinnu við Landspítala og Reykjavíkurborg og hugsanlega velferðarráðuneytið dagana 7., 8., 11. og 12. júní. Ago mun senda út póst til að kanna áhuga á þátttöku. Geðhjálp á 8 sæti á námskeiðinu.

**6. Niðurstöður vinnustofu um þvingunaraðgerðir í geðheilbrigðisþjónustu (HJ).**

Samþykkt var að ræða við fulltrúa spítalans að loknu WHO námskeiði um samvinnu við að tryggja upplýsingaflæði um réttindi til sjúklinga á geðsviði til sjúklinganna.

**7. Útmeð'á framhald (HJ, AGÓ).**

Nýja myndbandið verður frumsýnt á heimasíðunni [www.utmeda.is](http://www.utmeda.is) 18. apríl.

Myndbrot úr því verða sýnd á samfélagsmiðlum og á RÚV í sex vikur, þ.e. fram til loka maí. Ghostlamp ætlar að óska eftir því að áhrifavaldar á vegum fyrirtækisins tali fyrir

verkefninu á samfélagsmiðlum eins og Snapchat. Svokallaðir *Popsockets* (litlir plaststandar fyrir farsíma) með merki Útmeð'a verða framleiddir í tengslum við myndbandið og seldir í vefverslun Rauða krossins.

**8. *Emerging Proud 12. maí (HJ).***

HJ vinnur ásamt fleirum að því að móta dagskrá undir merkjum Emerging Proud þennan dag.

**9. *Styrkumsókn (HJ).***

Samþykkt var að hafna fyrirbyggjandi styrkumsókn.

**10. *ENUSP (HJ, AGÓ).***

Samþykkt var að Geðhjálp myndi gerast aðili að ENUSP.

**11. *Önnur mál, t.a.m. tengiliðaupplýsingar um stjórnarmenn, Oviedo, merkingar innan og utanhúss o.fl.***

- EB hvatti stjórnarmenn til að taka þátt í 1. maí göngunni. SL bauð hópnum að þiggja veitingar í Hlutverkasetri fyrir gönguna.
- HP fékk upplýsingar um að unnið væri að gerð jólakorta undir merkjum Geðhjálpar. Þema jólakortanna verður – knús.
- SL óskaði eftir að afmælisnefnd Geðhjálpar kæmi saman.
- Stjórnin var sammála um að eftirsóknarvert væri að ganga til liðs við Geðverndarfélagið um komu Mark Bellis til landsins í tilefni af Alþjóða geðheilbrigðisdeginum ásamt því að hanna upplýsingaefni fyrir lækna í heilsugæslunni og fleiri í anda ACE.
- Samþykkt var að merkja húsið að utan með merki Geðhjálpar.
- Minnt var á stofnun trúnaðarráðs og fund með fulltrúum flokkanna í sveitarstjórnarkosningunum í Reykjavík.